

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983:

Söltuð ufsaflök:	D.M. pr. lest cif.
16/20 FF	5 500,00
21/25 FF	5 350,00
26/30 FF	5 150,00
31/35 FF	4 900,00
36/40 FF	4 400,00
41/45 FF	4 200,00
45/50 FF	3 900,00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 472

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar, fyrir árið 1982.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	1 583,00
Vextir	655,00
	<hr/>
	2 238,00

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1983.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.